



## TILLAGA

**Viðtakandi:** Skipulags- og samgönguráð

**Sendandi:** Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

---

### ***Sægarðar, breytingar á gatnamótum við Vatnagarða og Sæbraut.***

Lagt er til að skipulags- og samgönguráð samþykki að hægribeygjuframhjálaup af Sægörðum inn á gatnamót Sæbrautar verði aflagt.

Greinargerð:


Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar hefur í samstarfi við skrifstofu framkvæmda og viðhalds, Faxaflóahafnir, Veitur og Vegagerðina unnið að hönnun breytinga á Sægörðum við Vatnagarða og Sæbraut. Verkefnið var tekið fyrir hjá skipulags- og samgönguráði 24. mars síðastliðinn en til stóð að framkvæmdir færu fram vorið 2021. Framkvæmdum var frestað þar sem tilboð sem bárust í verkið voru öll töluvert yfir kostnaðaráætlun. Vegna þessa gafst tækifæri til að ganga lengra í að bæta aðgengi og öryggi gangandi vegfarenda á leið eftir stífg samsíða Sæbraut sem og að bæta flæði umferðar frá Sægörðum inn á Sæbraut. Endurskoðaða hönnun má sjá á myndinni að neðan þar sem tvær akreinar eru fyrir þá sem taka vinstribeygju frá Sægörðum inn á Sæbraut, en umferð til hægri nýtir hægri akreinina með umferð til vinstri.

Ráðið hefur áður samþykkt að hægribeygjuakrein frá Sægörðum á gatnamótum við Sæbraut sé lengd til að draga úr uppsöfnun ökutækja inn í gatnamótin við Vatnagarða sem og að gönguleiðir séu bættar og að miðeyjur séu gerðar á Vatnagörðum beggja vegna gatnamótanna. Ekki er fyrirhugað að breyta því.

Virðingarfyllst,  
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir  
*starfandi samgöngustjóri*

Hjálagt:

1. Mynd: Forhönnun að breytingum á gatnamótum Sægarða við Vatnagarða og við Sæbraut.



Mynd 1 Forhönnun að breytingum á gatnamótum Sægarða við Vatnagarða og við Sæbraut.